# UFS sjálfbærnimat Landsnets 2022

**Umhverfi - félagslegir þættir - stjórnarhættir**



# Inngangur

UFS leiðbeiningar kauphallar Nasdaq fjalla um hvernig skipulagsheildir geta með markmiðasetningu og upplýsingagjöf til hagaðila sýnt fram á samfélagslega ábyrgð. Leiðbeiningarnar byggja á því að skipulagsheildin miðli fyrst og fremst upplýsingum til fjárfesta um umhverfis- og félagslega þætti ásamt stjórnarháttum en þessir þættir eru stólpar samfélagslegrar ábyrgðar. Mælikvarðarnir eru alls 30 eða 10 á hverju sviði fyrir sig, þ.e. umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir (e. ESG; environment, social and governance).

Markmið UFS leiðbeininga er að stuðla að því að skipulagsheildir miðli samfélagslegum upplýsingum á sambærilegan hátt og skapi virði, bæði fyrir skipulagsheildina og samfélagið í heild. Þannig er hægt er að nálgast ófjárhagslegar upplýsingar á aðgengilegan hátt fyrir alla hagaðila. Sjálfbærnimat UFS snýst um að mæla og meta sjálfbærniáhættu og hvernig gengur að ná þeim markmiðum með samanburðarhæfum hætti.



| Umhverfi | Félagslegir þættir | Stjórnarhættir |
| --- | --- | --- |
| E1. Losun gróðurhúsalofttegunda | S1. Launahlutfall forstjóra | G1. Kynjahlutfall í stjórn |
| E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda | S2. Launamunur kynja | G2. Óhæði stjórnar |
| E3. Orkunotkun | S3. Starfsmannavelta | G3. Kaupaukar |
| E4. Orkukræfni | S4. Kynjafjölbreytni | G4. Kjarasamningar |
| E5. Samsetning orku | S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta | G5. Siðareglur birgja |
| E6. Vatnsnotkun | S6. Aðgerðir gegn mismunun | G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu |
| E7. Umhverfisstarfsemi | S7. Vinnuslysatíðni | G7. Persónuvernd |
| E8. Loftslagseftirlit/stjórn | S8. Hnattræn heilsa og öryggi | G8. Sjálfbærniskýrsla |
| E9. Loftslagseftirlit/stjórnendur | S9. Barna- og nauðungarvinna | G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf |
| E10. Mildun loftslagsáhættu | S10. Mannréttindi | G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila |

**Mynd 1.** UFG leiðbeiningar

Í þessari skýrslu eru settar fram upplýsingar um sjálfbærniþætti í starfsemi Landsnets sem byggja á leiðbeiningum UFS. Þessar upplýsingar endurspegla á einfaldan og skýran hátt stefnu og starfshætti fyrirtækisins á sviði samfélagsmála. Með því að birta ófjárhagslegar upplýsingar samkvæmt UFS þá gefur Landsnet góða mynd af áherslum og núverandi stöðu á sviði umhverfis, stjórnarhátta og félagslegra þátta og eykur þannig gagnsæi til annarra skipulagsheilda.

## Umhverfið

Landsnet er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO14001:2015, auk þess að vera með umhverfisstefnu ásamt samfélagsábyrgðarstefnu og vinnur markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum af starfseminni.

Einn lykilmælikvarði Landsnets er kolefnislosun og hefur fyrirtækið sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2030. Við útreikninga á kolefnisspori við rekstur skipulagsheildarinnar er notuð aðferðafræði Green House Gasprotocol þar sem losunarþættir eru greindir og flokkaðir í umfang 1, sem er bein losun frá rekstrinum, umfang 2 og umfang 3 sem ná yfir óbeina losun. Losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri skipulagsheildarinnar, miðað við umfang 1, 2 og 3, var árið 2022 7.272 tonn $CO_{2\text{-ígildi}}$ eða 0,38 tonn $CO_{2\text{-ígildi}}$ á hverja framleidda GWst sem er um 8% lækkun frá árinu 2021 á hverja GWst. Stjórn Landsnets hefur eftirlit með loftslagstengdri áhættu og fjárfest er í loftslagstengdum innviðum. Framkvæmt er áhættumat í tengslum við áhrif loftslagsbreytinga á núverandi rekstur. Lögð er áhersla á að lágmarka rask af öllum framkvæmdum, rekstri og niðurrifi á eignum Landsnets og unnið samvkæmt því markmiði að mannvirkin falli sem best að aðliggjandi umhverfi. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um umhverfismál og losun í ársskýrslu Landsnets, sjá hér

| | **Einingar** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| **U1 Losun gróðurhúsalofttegunda** | | | |
| Bein losun - umfang 1 | t $CO_2$ - ígildi | 3.574 | 3.249 |
| Óbein losun - umfang 2[1] | t $CO_2$ - ígildi | 4090 | 3.973 |
| Óbein losun - umfang 3 | t $CO_2$ - ígildi | 35 | 49 |
| **U2 Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda** | | | |
| Losun á GWh | t $CO_2$ – ígildi/GWh | 0,41 | 0,378 |
| **U3 Heildar orkunotkun** | | | |
| Heildarmagn beinnar orkunotkunar - jarðefnaeldsneyti | MWst | 4.240 | 5.086 |
| Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar - raforka | MWst | 4.722 | 2.390 |
| **U4 Orkukræfni** | | | |
| Bein heildarorkunotkun miðað við stöðugildi | MWst/stöðugildi | 60,1 | 47,6 |
| **U5 Samsetning orku** | | | |
| Endurnýjanleg orka | % | 47% | 68% |
| Önnur orka (jarðefnaeldsneyti) | % | 53% | 32% |
| **U6 Vatnsnotkun** | | | |
| Heildarmagn af vatni sem er notað | m3 | 26.232 | 17.809 |
| **U7 Umhverfisstarfsemi** | | | |
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? | Já/Nei | Já | Já |
| Fylgir fyrirtækið tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn , orku og/eða endurvinnslu? | Já/Nei | Já | Já |
| Notast fyrirtækið við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? | Já/Nei | Nei | Nei |

[1] Uppgefnar tölur í losunarbókhaldinu eru reiknaðar með aðferðafræði GHG Protocol. Losun vegna flutningstapa er reiknuð með staðbundinni nálgun (e. local-based) á losun vegna orkuvinnslu, en íslenska orkukarfan er metin 10,3 g CO2-ígildi/kWst árið 2022. Sé stuðst við markaðslega nálgun (e. market-based) á losun vegna orkuvinnslu, sem tekur mið af sölu upprunaábyrgða árið 2022, er losunin metin um 164.000 tonn CO2-ígildi/kWst, en losunarstuðull miðað við þetta viðskiptakerfi raforku er 427 tonn CO2-ígildi/kWst.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **U8 Loftslagseftirlit/stjórn** | | | |
| Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | Já/Nei | Já | Já |
| **U9 Loftslagseftirlit/stjórnendur** | | | |
| Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | Já/Nei | Já | Já |
| **U10 Mildun loftslagsáhættu** | | | |
| Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun | kr | Ekki metin í kr en m.a. kolefnisjöfnun og nýjar fjárfestingar | Ekki metin í kr en m.a. kolefnisjöfnun og nýjar fjárfestingar |

## Félagslegir þættir

Landsnet er með vottað jafnlaunakerfi samkvæm ÍST 85:2012. Í mannauðsstefnu eru lagðar línur varðandi áherslur í jafnréttis- og mannauðsmálum. Jafnframt er í innkaupastefnu áhersla á samfélagslega ábyrgð birgja og keðjuábyrgð.

Áhersla er lögð á fjölbreyttan vinnustað og að skapa umhverfi sem er laust við einelti, fordóma og kynferðislega áreitni. Landsnet hefur samþykkt siðareglur þar sem skilgreind eru viðmið og reglur varðandi fjármál, trúnað, hagsmuni, samkeppni og hömlur, umhverfisvernd, notkun á eignum félagsins og fylgni við reglurnar. Stefna skipulagsheildarinnar er að skapa slysalausan vinnustað ásamt fyrirtækjamenningu sem styður starfsfólk í að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir slys, vottuð samkvæmt ISO 45001 öryggisstaðli. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um mannauðinn í ársskýrslu, sjá hér

| | **Einingar** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| **F1 Laun forstjóra** | | | |
| Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildi heildarlaunagreiðslna starfsfólks í fullu starfi - hlutfall launa forstjóra | X:1 | 2,66 | 3,08 |
| Er þetta hlutfall sett fram í skýrslugjöf til yfirvalda? | Já/Nei | Já | Já |
| **F2 Launamunur kynja** | | | |
| Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna | X:1 | - | - |
| **F3 Starfmannavelta** | | | |
| Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi | % | 5,9% | 7,08% |
| Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi | % | 0% | 0,66% |
| Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa | % | Upplýsingar liggja ekki fyrir | Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| **F4 Kynjafjölbreytni** | | | |
| Kynjahlutfall innan fyrirtækisins/hlutfall kvenna | % | 24% | 27% |
| Kynjahlutfall í byrjunarstörfum - hlutfall kvenna af nýráðningum | % | 34% | 40% |
| Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar - hlutfall kvenna | % | 14% | 14% |
| **F5 Hlutfall tímabundinna starfskrafta** | | | |
| Starfsfólk í hlutastarfi | % | 3,45% | 1,97% |
| Starfsfólk í verktöku og/eða ráðgjöf | % | Upplýsingar liggja ekki fyrir | Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| **F6 Aðgerðir gegn mismunun** | | | |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? | Já/Nei | Já | Já |
| **F7 Vinnuslysatíðni** | | | |
| Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuaflsins | % | 0 | 0 |
| **F 8 Hnattræn heilsa og öryggi** | | | |
| Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? | Já/Nei | Já | Já |
| **F9 Barna- og nauðungarvinna** | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? | Já/Nei | Já | Já |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | Já/Nei | Nei | Nei |
| **F10 Mannréttindi** | | | |
| Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? | Já/Nei | Já | Já |
| Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda? | Já/Nei | Já | Já |

## Stjórnarhættir

Stjórn Landsnets leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Fylgst er með lykilmælikvörðum í tengslum við UFS mál og birt í ársskýrslu.

Landsnet hefur gefið út stjórnarháttaryfirlýsingu þar sem kemur meðal annars fram að fylgt er reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög. Siðareglur Landsnets voru samþykktar á stjórnarfundi 15. júní 2022 og eiga að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni starfsfólks gagnvart hvert öðru, gagnvart félaginu og viðskiptavinum þess. Hægt er að nálgast stjórnarháttaryfirlýsingu í viðauka 1 í ársreikningi 2022. Stjórn Landsnets ræður forstjóra félagsins. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og hluthöfum samkvæmt 8. gr. Raforkulaga nr. 65/2003. Hægt er að nálgast stjórnarháttaryfirlýsingu í ársreikningi, sjá hér.

| | **Einingar** | **2021** | **2022** |
|---|---|---|---|
| **S1 Kynjahlutfall stjórn** | | | |
| Hlutfall kvenna í stjórn (samanborið við karla) | % | 33% | 50% |
| **S2 Óhæði stjórnar** | | | |
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | Já/Nei | Já | Já |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna | % | 100% | 100% |
| **S3 Kaupaukar** | | | |
| Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | Já/Nei | Nei | Nei |
| **S4 Kjarasamningar** | | | |
| Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins sem fellur undir almenna kjarasamninga | % | 95,7% | 96,2% |
| **S5 Siðareglur birgja** | | | |
| Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? | Já/Nei | Já | Já |
| Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum? | % | Upplýsingar liggja ekki fyrir | Upplýsingar liggja ekki fyrir |
| **S6 Siðareglur og aðgerðir gegn spillingu** | | | |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? | Já/Nei | Já | Já |
| Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni? | % | 100% | 100% |
| **S7 Persónuvernd** | | | |
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? | Já/Nei | Já | Já |
| Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | Já/Nei | Já | Já |
| **S8 Sjálfbærniskýrsla** | | | |
| Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærniskýrslu? | Já/Nei | Nei | Nei |
| Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? | Já/Nei | Já | Já |
| **S9 Starfsvenjur við upplýsingagjöf** | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | Já/Nei | Já | Já |
| Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | Já/Nei | Nei | Nei |
| Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu Heimsmarkmiða SÞ? | Já/Nei | Nei | Já |
| **S10. Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila** | | | |
| Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? | Já/Nei | Nei | Nei |